



# Fornleifaskráning vegna línulagnar frá Þverhamri að Ormsstöðum í Breiðdal



Indriði Skarphéðinsson

2025

*Forsíðumynd: Unnin loftmynd AMS22\_2-1\_132 frá 1945 af beitarhúsum neðan við Part*




Sagnabrunnur

© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Ágúst 2025

## Efnisyfirlit

|                                        |   |
|----------------------------------------|---|
| Inngangur .....                        | 1 |
| Skráningarsvæðið.....                  | 1 |
| Fornleifaskráning .....                | 2 |
| [3479-001]    heimild – beitarhús..... | 2 |
| Niðurstöður .....                      | 3 |
| Heimildir:.....                        | 3 |
| Viðauki I. Vegna Tilefnis .....        | 4 |




*Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðis.*

## Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér fornleifaskráningu, að beiðni RARIK, á leið fyrirhugaðrar línulagnar á milli Gljúfraborgar og Ormsstaða í Breiðdal. Tengiliður verkkaupa var Hafliði Bjarki Magnússon og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3479 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleið, ásamt því að skoða lagnaleið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Áður en farið var vettvang voru helstu heimildir skoðaðar, svo sem viðeigandi örnefnaskrá, túnakort, byggðarsaga o.fl. Þann 18. ágúst síðastliðinn fór Indriði Skarphéðinsson, starfsmaður Sagnabrunns ehf., á vettvang og tók svæðið út. Aðeins ein fornleif var skráð við fornleifaskráningu nú.

## Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið.

Fyrirhuguð lega línunnar liggur frá túni neðan við Gljúfraborg til vesturs að spennuvirki stutt austan við Ormsstaði með viðkomu í útihúsum neðan við Part. Línan liggur að stærstum hluta í landi Gljúfraborgar sem er nýbýli úr landi Þverhamars sem byggðist upp úr 1940 þar sem eyðibýlið Setuborg stóð, sem var afbýli frá Þverhamri. Talið er að Þverhamar sé landnámsjörð (Ármann Halldórsson 1976:290-295). Ormsstaða er ekki getið í Landnámu en Ormsstaðaá bregður þar fyrir og nefnist þar Ormsá (Ármann Halldórsson 1976:299). Fornleifaskráning hefur farið á hluta svæðisins um er að ræða aðalskrá fornleifa í Þverhamarslandi frá 2003 (Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga & Anna Rut Guðmundsdóttir 2004) og vegna lagningu ljósleiðara í Breiðdal (Adolf Friðriksson & Lilja Björk Pálsdóttir 2018).

## Fornleifaskráning

Aðeins ein fornleif var skráð við fornleifaskráningu nú, um er að ræða heimild um beitarhús, áður skráð árið 2003 (Guðný Zoëga ofl. 2004).

### [3479-001] heimild – beitarhús

Minjarnar voru skráðar árið 2003 í aðalskráningu fornleifa í Þverhamarslandi.

Minjarnar fengu þar númerið [182076-184-41] og um þær segir: „Beitarhús munu hafa staðið þar sem fjárhús eru í dag innan Gljúfraborgar“ (Guðný Zoëga ofl. 2004:27) og eru minjarnar merktar sem horfnar. Á loftmynd tekinni af bandaríska hernum 31.

ágúst árið 1945 má sjá

ógreinilega móta fyrir mannvirki á staðnum. Eru minjarnar horfnar undir yngri hús sem þar standa nú. Út frá loftmyndinni að dæma hafa gömlu beitarhúsin trúlega staðið þétt ofan við eða á sama stað og húsin standa nú. Ekki sást nein ummerki um gömlu beitarhúsin sást innan skráningarsvæðisins á vettvangi.



*Mynd 1. Unnin loftmynd AMS22\_2-1\_132 frá 1945 af beitarhúsum [3479-001] neðan við Part.*

## Niðurstöður

Aðeins var skráð ein fornleif við fornleifaskráningu nú, um er að ræða heimild um horfin beitarhús [3479-001]. Ekki er þekkt nákvæm staðsetning minjanna en ekki sáust nein ummerki um minjarnar á vettvangi og eru þau trúlega að öllu horfin. Ekki sáust aðrar fornleifar innan skráningarsvæðisins en bent er þó á að fornleifar geti leynst undir sverði án þess að nokkur ummerki þeirra sjáist á yfirborði. Komi áður ókunnar fornminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu skal samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

## Heimildir:

Adolf Friðriksson & Lilja Björk Pálsdóttir (2018). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ljósleiðara í Breiðdalshreppi*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík. FS696-17281

Ármann Halldórsson (1976). *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi*. III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, Prentsmiðjarn Hólar, Seltjarnarnesi.

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga & Anna Rut Guðmundsdóttir (2004). *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalshrepps, Þverhamar/Heydalir/Jórvík*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Jón Helgason & Stefán Einarsson (1948). *Breiðdæla, Drög til sögu Breiðdals*. Reykjavík.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Loftmynd tekin af bandaríska hernum 31. ágúst 1945 – AMS22\_2-1\_132, sótt í gegnum kortasjá Minjastofnunnar Íslands.

Örnefnaskrá Ormstaðir, Þorsteinn Stefánsson skráði.

Örnefnaskrá Þverhamar, Þorsteinn Stefánsson skráði.

## Viðauki I. Vegna Tilefnis



Kort 3. Minjar við Parthús.

Ekki er fyllilega ljóst hvar beitarhús [3479-001] stóðu nákvæmlega en að öllum líkindum hefur þeim verið töluvert raskað við byggingu húsanna sem nú standa á staðnum. Beitarhúsin eru greinanleg á loftmynd frá 1945 og hún bendir til þess að minjarnar hafi staðið þétt ofan við núverandi mannvirki á staðnum. Þar sem fyrirhuguð lega strengsins liggur við og að fjárhúsunum liggur hann í gegnum malarplan framan við húsin, líklega stuttu austan við þann stað sem gömlu beitarhúsin stóðu. Ólíklegt verður því að teljast að gömlu beitarhúsin, sem horfin eru, verði fyrir frekara raski vegna framkvæmdanna. Sá fyrirvari er þó settur hér að það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.